

hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu á vörum birgis.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að hafa allt að 3 sölutegundum af vindlingum í vöruflokki 33 (1) samtímis í reynslusölu þar til sölutegundir í kjarna í þeim vöruflokki eru orðnar 3. Eftir það fer um töku vöru til reynslusölu eftir almennum reglum.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 529/1996 og taka gildi 1. október 1998.

Reykjavík, 29. september 1998.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen.

Sigurður M. Magnússon.

Árni Tómasson.

Reglur þessar um innkaup og sölu tóbaks og skilmála í viðskiptum við birgja staðfestast hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 23. október 1998.

F. h. r.

Bergþór Magnússon.

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur verið ákveðið að hámarkshraði á Laugavegi frá Snorrabraut og að Lækjargötu verði 30 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögrelustjórinn í Reykjavík, 5. október 1998.

Georg Kr. Lárusson settur.